



## Yfirlýsing um ábyrga ferðaðjónustu

Ferðaðjónustan á Íslandi er mikilvæg atvinnugrein sem getur stuðlað að langtíma velferð og góðum orðstír þjóðarinnar.

Í ferðaðjónustunni eru margar áskoranir sem snúa að samfélagsábyrgð fyrirtækja. Þar má telja aukinn ágang á náttúruna, að réttindi starfsfólks séu virt, að nærsamfélögin sem ferðamenn heimsækja fái sanngjarnan skerf af ávinningnum og ekki síst að öryggi ferðamanna sé tryggt og þeim veitt góð þjónusta.

Við hjá Farfuglum ses. ætlum að stuðla að ábyrgri ferðaðjónustu með eftirfarandi markmiðum um fjóra þætti þætti verkefnisins, mæla og birta reglulega upplýsingar um árangur fyrirtækisins á vefnum okkar:

- **Ganga vel um og virða náttúruna**

Markmið 2017: Að kolefnisjafna starfsemi Farfugla fyrir starfsárið 2016

Markmið 2018: Að kolefnisjafna starfsemi Farfugla fyrir starfsárið 2017

Vinna að kolefnisjöfnun allrar keðjunnar, þ.m.t. Farfuglaheimila sem rekin eru með samstarfssamningi í heimilisneti Farfugla

Markmið 2019: Kolefnisjöfnun alls samstarfsnets Farfugla vegna 2017

Framboð á kolefnishlutlausum pakkaferðum

- **Tryggja öryggi gesta og koma fram við þá af háttvísi**

Markmið 2018: Í nýjum stöðlum Farfugla verði krafa um gerð öryggisáætlunar fyrir öll Farfuglaheimili

Markmið 2019: Gerð öryggisáætlana með Farfuglaheimilum

- **Virða réttindi starfsfólks**

Markmið 2017: Innleiðing mannauðs- og jafnréttisstefnu

Markmið 2018: Aðgerðaáætlun mannauðs- og jafnréttisstefnu

Markmið 2019: Aðgerðaáætlun mannauðs- og jafnréttisstefnu

- **Hafa jákvæð áhrif á nærsamfélagið**

Markmið 2017: Fá yfirsýn á umfang og eðli samfélagsverkefni Farfugla

Markmið 2018: Leggja áherslu á valin samfélagsverkefni Farfugla

Markmið 2019: Auka framboð á viðburðum sem eru í anda Sjálfbærnistefnu Farfugla